

Föstudaginn 26. apríl 1996.

Nr. 13/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Trausta Róbert Guðmundssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Tilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 28. nóvember 1995. Af hálfu ákærvalds var við áfrýjun krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og að refsing ákærða yrði þyngd, en við munnlegan flutning málsins var fallið frá síðarnefndri kröfu.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest sakfelling ákærða fyrir brot samkvæmt I. lið ákæru svo og heimfærsla þess til refsíákvæðis.

Í II. lið ákæru er ákærða gefin að sök tilraun til þjófnaðar með því að hafa brotist inn í hús að Laufásvegi 25 í Reykjavík aðfaranótt 28. maí 1995, en horfið af vettvangi, þegar íbúar hússins vöknudu. Fallast má á það með héraðsdómara, að sannað sé, að ákærði hafi verið þar að verki, þrátt fyrir neitun hans. Á hinn bóginn verður að líta til þess, að fyrir héraðsdómi bar kona, sem bjó í húsinu, að hún hefði vaknað við hávaða umrædda nótt og orðið þess vör, að farið hafði verið inn um þvottahússglugga í kjallara. Hún hafi farið út og kallað inn um gluggann til þess, sem var þar inni. Maðurinn hafi komið út og tjáð henni, að hann hafi ætlað að leggjast til svefnis í þvottahúsinu, en í kjölfarið hafi hann horfið á braut. Inni í þvottahúsinu fannst síðan skyrta, sem ákærði reyndist eiga. Liggur ekkert fyrir í málinu um, hvort nokkuð féfætt hafi verið að finna í þvottahúsinu eða hvort innangengt hafi verið þaðan í aðra hluta hússins. Er samkvæmt þessu varhugavert að telja nægilegar líkur komnar fram fyrir því, að ákærði hafi brotist inn í húsið í þjófnaðarskyni.

Þar sem þetta brot ákærða er í ákæru eingöngu talið varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, verður að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu hans af þessum lið ákæru.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um refsingu ákærða og sakarkostnað. Verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Trausti Róbert Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. september 1995.

Ár 1995, föstudaginn 15. september, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 691/1995: Ákærvaldið gegn Trausta Róbert Guðmundssyni, á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur. Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. september 1995, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. júní sl., á hendur Trausta Róbert Guðmundssyni, Heiðarbóli 2 c, Keflavík (kennitala 280471-2919), fyrir þjófnað og tilraun til þjófnaðar í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 28. maí 1995:

I. með því að brjótast inn í íbúð í húsinu nr. 31 við Bragagötu og stela skóm og sparibauk með nokkrum þúsundum króna í reiðufé,

II. með því að brjótast í þjófnaðarskyni inn í húsið nr. 25 við Laufásveg, en ákærði hvarf af vettvangi, er íbúar hússins vöknudu.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og háttsemin samkvæmt II. ákærulið jafnframt, sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði hefur ekki gengist við sakargiftum, og hefur því verið farið með málið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga 19/1991.

Ákærði losnaði úr afplánun á Litla-Hrauni laugardaginn 27. maí sl. og

fór racleitt með bifreið heim til sín í Keflavík. Þaðan fór hann með bifreið til Reykjavíkur um kvöldið og var kominn aftur heim um miðjan næsta dag. Hann segist hafa farið frá Reykjavík um kl. 5.00 um nóttina.

Kl. 11.41 sunnudaginn 28. maí barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um innbrotið, sem lýst er í fyrri lið ákæru. Meðan frumrannsókn stóð yfir á vettvangi, kl. 12.24, barst síðan tilkynning um innbrotið, sem lýst er í síðari lið ákæru. Á grundvelli frásagnar vitna var ákærði handtekinn í Keflavík kl. 13.40 þriðjudaginn 30. maí sl. og yfirheyrður sem grunaður, en hann neitaði sakargiftum. Hann sætti gæsluvarðhaldi frá 1. júní til 16. júlí sl.

Um kl. 4.00 aðfaranótt 28. maí sl. varð kona, sem býr á efri hæð að Laufásvegi 25, vör við, að ungur maður var að spenna upp glugga á jarðhæð baka til og skrifa inn um hann. Hún kallaði á manninn, en hann hafði sig þá á brott. Var hann ekki í öðru en nærskyrtu að ofan, en skildi eftir dökkleita, mynstraða skyrtu, merkta stöfunum TR, og minnisblokk með árituðu nafninu Trausti. Konan lýsti manninum svo, að hann hefði verið frekar ungur og rúmlega 180 cm á hæð. Atvikið var tilkynnt lögreglu kl. 12.24. Konunni voru sýndar 15 myndir úr myndasafni lögreglunnar, og hafnaði hún öllum nema mynd af ákærða, sem hún kvað líkjast mjög manninum, sem hún varð vör við um nóttina. Ákærði kannast við skyrtuna sem sína, segist hafa verið í henni á leið sinni frá Keflavík til Reykjavíkur, en skilið hana eftir í bílnum, sem hann var í á þeirri leið. Enginn af samferðafólki ákærða hefur staðfest þá frásögn.

Lögreglurannsókn að Bragagötu 31 leiddi í ljós, að farið hafði verið inn um hálfopinn eldhússglugga á jarðhæð og að horfið hefðu þaðan spari-baukur og smámynt og dökkbrúnir gönguskór nr. 45–46. Hvítir reimaðir íþróttaskór með bláum og hvítum sóla og bláum, óreglulegum flötum á hliðum og yfirleðri höfðu verið skildir eftir. Við eftirgrennslan kom í ljós, að þeir voru sams konar og skór, sem ákærði hafði verið í í fangelsinu. Ekki vildi hann kannast við skóna, en einn af unglíngunum, sem var í för með honum frá Keflavík á laugardagskvöldið, sagði hann þá hafa verið í hvítum strigaskóm. Heima hjá móður ákærða fundust skór, sem húsráðandi á Bragagötu kannast við sem sína og segir hafa horfið innbrotsnóttina.

Rækilegar lögregluskýrslur hafa verið teknar af ákærða, samferðafólki hans innbrotsnóttina, heimilisfólki á innbrotsstöðunum og fleirum. Ákærði hefur gefið skýrslu fyrir dóminum, og vitni hafa verið yfirheyrð.

Ákærði segist hafa orðið viðskila við samferðafólk sitt eftir miðnætti, flækst síðan milli skemmtistaða í miðbæ Reykjavíkur, en tekið sér far með bíl suður í Voga eða Keflavík, eftir að þeim hafði verið lokað. Ekki kvaðst hann hafa verið mikið drukkin og ekki undir öðrum áhrifum en áfengis.

Ákærða voru sýndir brúnir skór, sem fundust á heimili móður hans í Vogum. Hann kveðst ekkert kannast við þá og enga skýringu hafa á því, hvers vegna þeir fundust á heimili móður sinnar. Hann segist ekki viss um, hvort hann kom á heimili móður sinnar á sunnudagsmorgun. Hann segist nota skó nr. 44. Hann kveðst hafa verið í bol einum klæða að ofan og í svörtum skóm um nóttina, og í þeim segist hann hafa verið, þegar hann var handtekinn. Ákærði skýrði lögreglu svo frá 30. maí 1995, að hann hefði farið frá Keflavík kl. 1.00, verið á gangi um miðbæinn fram undir kl. 5.00, gengið þá til Hafnarfjarðar og farið þaðan „á puttanum“ til Keflavíkur. Ákærða hefur verið bent á misræmi milli lögregluskýrslu og skýrslu fyrir dómi. Hann kveður það réttara, sem segir í lögregluskýrslu um það, sem á milli ber.

Húsráðandi að Bragagötu 31 skýrði svo frá fyrir dóminum, að skór sínir og sparibaukur með nokkrum þúsundum króna, 15 þúsund, að því er hann giskar á, hafi horfið í innbrotinu. Hann kannaðist við skóna, sem voru til sýnis í dómsalnum.

Þegar þess er gætt, að lýsing vitnis á þeim, sem braust inn á Laufásvegi, getur samrýmst því, að ákærði hafi verið þar á ferð, að vitnið taldi aðeins mynd af ákærða líkjast innbrotsmanninum, þegar henni var sýnd hún ásamt öðrum, og að skyrta ákærða fannst á innbrotstað, án þess að ákærði gæti gefið nokkra skynsamlega skýringu á því, hvernig hún var þangað komin, þykja komnar fram nægar líkur fyrir því, að ákærði hafi brotist inn að Laufásvegi 25, en þar sem þar var ekkert tekið, þykja ekki nægar líkur til þess, að hann hafi gert það í þjófnaðarskyni. Ber þá að sýkna ákærða af II. ákærulið.

Þegar þess er gætt, að skór, sem hurfu frá Bragagötu 31, fundust á heimili móður ákærða suður í Vogum eftir innbrotið, að skór, sem sterkar líkur eru til, að ákærði hafi átt og verið í innbrotsnóttina, urðu eftir á innbrotstað og að ákærði var staðinn að innbroti í næsta nágrenni sömu nótt, þykja fram komnar nægar líkur fyrir sekt ákærða, til að nægilega teljist sannað, að hann hafi framið brot það, sem lýst er í I. ákærulið. Hefur hann með því brotið gegn ákvæði 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur, frá því að hann varð sextán ára, hlotið tólf refsivistar-dóma, mestmegnis fyrir hegningarlagabrot. Þar af eru átta þungir og óskil-orðsbundnir fangelsisdómar frá því um mitt ár 1988. Síðast var ákærði dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir húsbrot og sifskapar- og kynferðisbrot með dómi Hæstaréttar 6. maí 1993. Hann hefur alls verið dæmdur í 110 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fram að þessu. Honum var í vor veitt skil-orðsbundin reynslulausn af 480 fangelsisdögum, en framdi brot þau, sem hér er dæmt um, strax nóttina eftir að hann var látinn laus. Hefur hann rof-

ið skilorð reynslulausnarinnar, og ber að dæma hana upp og gera ákærða refsingu í einu lagi. Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að ákærði er vanaafbrotamaður með langan og alvarlegan afbrotuferil að baki og að brot hans voru framin með innbroti í íbúðarhús að nóttu til. Á hinn bóginn þykir mega líta til þess, að ákærði hafði engan ávinning af öðru brotinu og einungis óverulegan hagnað af hinu. Þykir refsing samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði. Frá refsingu ákærða ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 1. júní til 15. júlí sl., samtals 45 daga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Trausti Róbert Guðmundsson, sæti fangelsi í 20 mánuði. Frá refsingunni dregst 45 daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar, hæstaréttarlögmanns, 110.000 krónur.
